



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9500 postur@mrn.is
menntamalaraduneyti.is

Hafnarfjarðarbær
Haraldur Líndal Haraldsson
Strandgötu 6
220 HAFNARFIRÐI

Reykjavík 12. ágúst 2015
Tilv.: MMR15040217/5.2

Efni: - Drög að nýju bréfi vegna tilnefninga fulltrúa í starfshóp um húsnæðismál, m.t.t. framtíðar starfsnáms í Hafnarfirði.

Á fundi mennta- og menningarmálaráðherra með fulltrúum Hafnarfjarðabæjar, þriðjudaginn 5. maí sl. var fjallað um málefni Iðnskólans í Hafnarfirði og fyrirhugaða sameiningu við Tækniskólann ehf. Eins og fram kom á fundinum er gert ráð fyrir áframhaldandi starfsemi á vegum hins sameinaða skóla í Hafnarfirði. Á fundinum var ákveðið að stofna starfshóp til þess að greina húsnæðisþörfina og gera tillögu um framtíðarfyrirkomulag húsnæðismála, m.t.t. framtíðar starfsnáms í Hafnarfirði. Starfshópin skipi fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Hafnarfjarðabæjar og fulltrúar hins sameinaða skóla, skipaðir af Tækniskólanum ehf. og skipar hver aðili tvo fulltrúa. Mælst er til þess að starfshópurinn skili álit fyrir áramótin 2015/2016.

Þess er hér með óskað að Hafnarfjarðarbær tilnefni tvo fulltrúa í starfshópin.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í starfshópnum.

Mælst er til þess að tilnefningin berist ráðuneytinu hið fyrsta og eigi síðar en xxxxxx.
Vinsamlegast látið kennitölu, heimilisfang og netfang tilnefndra aðila fylgja.

Fyrir hönd ráðherra

Ásta Magnúsdóttir

Gísli Þ. Magnússon